

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1028/2014****2015/EES/34/24****frá 26. september 2014****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi
kögunar í samevrópska loftrýminu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1027/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur varðandi kerfi, sem stuðla að veitingu kögunargagna, til að tryggja samræmi í afköstum, rekstrarsamhæfi og skilvirkni þessara kerfa innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar og varðandi samræmingu milli borgaralegra yfirvalda og hermálayfirvalda.
- 2) Til að mögulegt sé að útbúa ný loftför með nýrri getu þurfa flugrekendur/umráðendur að hafa aðgang að nauðsynlegum forskriftum fyrir búnað a.m.k. 24 mánuðum fyrir fyrirhugaðan notkunardag. Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) samþykkti hins vegar viðeigandi vottunarforskriftir ekki fyrr en í desember 2013. Þar af leiðandi munu flugrekendur/umráðendur ekki geta útbúið ný loftför með nýrri virkni, sem felur í sér að senda ADS-B-kögunargögn frá loftfari (ADS-B Out) og bættan S-starfshátt (e. *Mode S Enhanced*), fyrr en 8. janúar 2015. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 til að gefa viðkomandi flugrekendum/umráðendum nægan viðbótartíma í þessum tilgangi.
- 3) Tafir á vottun og útvegum búnaðarins, sem krafist er, ásamt takmörkun á getu iðnaðarins til að útbúa loftfarið, hafa áhrif á snuðulausa ísetningu endurbótarhluta í flotann sem fyrir er. Nokkur loftför, sem eru aðallega starfrækt á flugleiðinni yfir Atlantshafið, eiga einnig að vera útbúin með virkni, sem felur í sér að senda ADS-B-kögunargögn frá loftfari (ADS-B Out), eigi síðar en 1. janúar 2020, eins og Flugmálastjórn Bandaríkjanna (FAA) hefur krafist. Því ætti að fresta ísetningu endurbótarhluta, að því er varðar sendingar á ADS-B-kögunargögnum frá loftfari og bættan S-starfshátt, og færa dagsetninguna nær frestinum sem veittur er samkvæmt kröfum Flugmálastjórnar Bandaríkjanna.
- 4) Flugrekendur/umráðendur ríkisloftfara ættu að hafa hag af svipaðri frestun framkvæmdarreglugerðar og flugrekendur/umráðendur annarra loftfara. Því ætti einnig að framlengja frestinn fyrir ríkisloftför að því er varðar ísetningu endurbótarhluta vegna nýrrar virkni sem felur í sér að senda ADS-B-kögunargögn frá loftfari og bættan S-starfshátt.
- 5) Breyta ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1207/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:
„4. Flugrekendur/umráðendur skulu tryggja:
 - a) að loftför, sem eru starfrækt fyrir flugin, sem um getur 2. mgr. 2. gr., með sérstakt lofthæfivottorð, sem er fyrst gefið út 8. janúar 2015 eða síðar, séu búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá, sem hafa þá getu sem sett er fram í A-hluta II. viðauka,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 284, 30.9.2014, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1207/2011 frá 22. nóvember 2011 um kröfur um afköst og rekstrarsamhæfi kögunar í samevrópska loftrýminu (Stjtið. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 35).

- b) að loftför með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, eða með hámarksraunhraða í farflugi, sem getur farið yfir 250 hnúta, sem starfrækt eru fyrir flugin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., með sérstakt lofthæfivottorð, sem er fyrst gefið út 8. júní 2016 eða síðar, séu búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá, sem, til viðbótar við getuna sem sett er fram í A-hluta II. viðauka, búa yfir getunni sem sett er fram í B-hluta þess viðauka,
- c) að vængjuð loftför með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, eða með hámarksraunhraða í farflugi, sem getur farið yfir 250 hnúta, sem starfrækt eru fyrir flugin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., með sérstakt lofthæfivottorð, sem er fyrst gefið út 8. júní 2016 eða síðar, séu búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá, sem, til viðbótar við getuna sem sett er fram í A-hluta II. viðauka, búa yfir getunni sem sett er fram í C-hluta þess viðauka.“
- b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:
- „5. Flugrekendur/umráðendur skulu tryggja:
- a) að eigi síðar en 7. desember 2017 séu loftför, sem starfrækt eru fyrir flugin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., með sérstakt lofthæfivottorð, sem er fyrst gefið út fyrir 8. janúar 2015, búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá, sem hafa þá getu sem sett er fram í A-hluta II. viðauka,
- b) að eigi síðar en 7. júní 2020 séu loftför, með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, eða með hámarksraunhraða í farflugi, sem getur farið yfir 250 hnúta, sem starfrækt eru fyrir flugin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., með sérstakt lofthæfivottorð, sem er fyrst gefið út fyrir 8. júní 2016, búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá, sem, til viðbótar við getuna sem sett er fram í A-hluta II. viðauka, búa yfir getunni sem sett er fram í B-hluta þess viðauka,
- c) að eigi síðar en 7. júní 2020 séu vængjuð loftför með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, eða með hámarksraunhraða í farflugi, sem getur farið yfir 250 hnúta, sem starfrækt eru fyrir flugin, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., með sérstakt lofthæfivottorð, sem er fyrst gefið út fyrir 8. júní 2016, búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá, sem, til viðbótar við getuna sem sett er fram í A-hluta II. viðauka, búa yfir getunni sem sett er fram í C-hluta þess viðauka.“
- 2) Í stað 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Aðildarríki skulu tryggja að eigi síðar en 7. júní 2020 séu ríkisloftför til flutninga með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, eða með hámarksraunhraða í farflugi, sem getur farið yfir 250 hnúta, sem starfrækt eru í samræmi við 2. mgr. 2. gr., búin ratsjársvörum fyrir kögunarsvarratsjá, sem, til viðbótar við getuna sem sett er fram í A-hluta II. viðauka, búa yfir getunni sem sett er fram í B- og C-hluta þess viðauka.“
- 3) Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Heimilt er að veita tilteknum tegundum af loftförum með lofthæfivottorð, sem er fyrst gefið út fyrir 8. júní 2016, með hámarksflugtaksmassa, sem er yfir 5 700 kg, eða með hámarksraunhraða í farflugi, sem getur farið yfir 250 hnúta, sem hafa ekki allar breytur, sem tilgreindar eru í C-hluta II. viðauka, tiltækar á rafrænni tengibraut um borð í loftfarinu, undanþágu frá kröfunum í c-lið 5. mgr. 5. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.